



# Reglur um búseturéttaríbúðir fyrir aldraða

## I. kafli

### Almennt um búseturéttaríbúðir

#### 1. gr.

##### Skilgreining

Með búseturéttaríbúðum er átt við hverja þá leiguíbúð sem eru sérstaklega ætlaðar öldruðum sbr. 4. tl. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og leigðar eru út Stykkishólmsbæ.

#### 2. gr.

##### Markmið

Markmið með rekstri búseturéttaríbúða er að mæta þörfum íbúa sem þar búa, stuðla að sjálfstæði þeirra s.s. hvað varðar fjármál og heimilishald og stuðla að sem mestri sjálfsbjargargetu hvers og eins. Þeim er ætlað að vera íbúum hentugur bústaður þar sem þeir geta haldið eigið heimili sem lengst við ákjósanlegar aðstæður. Með því móti er leitast við að fresta eða koma í veg fyrir stofnanadvöl.

#### 3. gr.

##### Íbúðirnar

Búseturéttaríbúðir Stykkishólmsbæjar eru við Skólastíg 14. Íbúðirnar eru 16 talsins, íbúðirnar sem úthlutað er í eftir reglum þessum eru á eftirfarandi:

| Heimilisfang   | Númer | Stærð               | Hæð   | Fasteignanúmer |
|----------------|-------|---------------------|-------|----------------|
| Skólastígur 14 | 106   | 85,2 m <sup>2</sup> | 1 hæð | 222-6682       |
| Skólastígur 14 | 107   | 59,2m <sup>2</sup>  | 1 hæð | 222-6684       |
| Skólastígur 14 | 108   | 59,0m <sup>2</sup>  | 1 hæð | 222-6683       |
| Skólastígur 14 | 109   | 67,4m <sup>2</sup>  | 1 hæð | 222-6681       |
| Skólastígur 14 | 110   | 35,2m <sup>2</sup>  | 1 hæð | 211-6166       |
| Skólastígur 14 | 111   | 65,0m <sup>2</sup>  | 1 hæð | 211-6167       |
| Skólastígur 14 | 112   | 66,7m <sup>2</sup>  | 1 hæð | 211-6169       |
| Skólastígur 14 | 113   | 66,5m <sup>2</sup>  | 1 hæð | 211-6168       |
| Skólastígur 14 | 205   | 67,5m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 222-6686       |
| Skólastígur 14 | 206   | 59,2m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 222-6687       |
| Skólastígur 14 | 207   | 59,0m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 222-6688       |
| Skólastígur 14 | 208   | 67,5m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 222-6685       |
| Skólastígur 14 | 209   | 35,2m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 211-6170       |
| Skólastígur 14 | 210   | 65,1m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 211-6171       |
| Skólastígur 14 | 211   | 66,7m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 211-6173       |
| Skólastígur 14 | 212   | 66,5m <sup>2</sup>  | 2 hæð | 211-6172       |

Innheimt er leigu- og þjónustugjald í þjónustuíbúðum sbr. 20. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.



## **II. Kafli**

### **Réttur til umsóknar**

#### **4. gr.**

#### **Hverjir geta sótt um búseturéttaríbúð**

Öllum er heimilt að sækja um búseturéttaríbúð sem eru 65 ára aldri.

#### **5.gr.**

#### **Undanþágur frá skilyrðum**

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar hefur heimild til að víkja frá skilyrðum 4. gr. þessara laga. Sé undanþágu óskað tekur bæjarráð viðkomandi mál fyrir á fundi og afgreiðir þar.

## **III. kafli**

### **Umsóknir um þjónustuíbúðir, mat á þjónustupörf, forgangsröðun o.fl.**

#### **6. gr.**

#### **Umsókn um búseturéttaríbúð**

Sótt er um búseturéttar íbúð í Ráðhúsi eða á íbúagátt Stykkishólmsbæjar.

#### **7. gr.**

#### **Forgangsröðun umsókna og úthlutun íbúða**

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. eða hafi fengið undanþágu skv. 5. gr. fer viðkomandi neðst á biðlista eftir íbúð. Þegar íbúð losnar er þeim sem efstur er á listanum boðin íbúðin. Forgang til úthlutunar hafa þeir sem átt lögheimili í Stykkishólmi sl. tvö ár. Umsækjandi sem ekki þiggur íbúð færast neðst á listann. Hafni umsækjendur sem eru sambýlisfólk og/eða hjón einstaklingsíbúð (nr. 110 og 209) halda þau óbreyttu sæti sínu á biðlistanum eftir að einstaklingsíbúðin gengur út.

#### **8. gr.**

#### **Tilkynning um úthlutun**

Viðkomanda er veittur tíu daga frestur til þess að tilkynna hvort hann þiggur íbúðina eftir að hún er boðin.

#### **9. gr.**

#### **Gildistaka**

Reglur þessar eiga við um alla þá sem sækja um búseturéttaríbúð eftir gildistöku reglnanna. Reglur þessar taka gildi 12.05.2021.

*Samþykkt á 399. fundi bæjarstjórnar þann 12. maí 2021.*